



Heiðursmennirnir Sigurður Ólafsson, apótekari, dr. Gylfi P. Gíslason, prófessor, Erlendur Einarsson, forstjóri SÍS, og Gunnar Guðjónsson, skipamiðlari og stjórnarformaður SH, voru meðal fundargesta.



Stofnfélagar sýndu mikla gjafmildi, er þeir greiddu félagsgjöld sín. Félagsgjöldin voru ákveðin kr. 200 á ári, en margir greiddu 500—1000 krónur til samtakanna.

# Stofnfundur samtaka um byggingu tónlistarhúss

STOFNFUNDUR samtaka um byggingu tónlistarhúss á Íslandi var haldinn síðastliðinn sunnudag í Súlnasal Hótel Sögu. Blásarakvintett Reykjavíkur lék nokkur lög áður en fundurinn var settur. Stofnfélagar samtakanna eru um 2000 og þar af mættu um 700 á fundinn. Undirbúningsnefnd var stofnuð í júnímánuði síðastliðnum og hefur hún unnið að undirbúningsstarfi í sumar. Formaður undirbúningsnefndar, Ármann Ö. Ármannsson, flutti skýrslu nefndarinnar, félagsgjöld voru ákveðin kr. 200. Kosid var í fulltrúaráð og Gunnar Guðjónsson lýsti yfir áhuga sínum á því að sjóður, stofnaður í minningu föður síns, yrði látinn renna til sam-

takanna. Fundarstjóri var Sigurður Helgason, Finnur Torfi Stefánsson var fundarritari.

„Áhugi og ást á tónlist sameinar okkur sem hér erum samankomin,“ mælti Ármann Ö. Ármannsson, formaður undirbúningsnefndar um samtök um byggingu tónlistarhúss, er hann ávarpaði fundargesti og bað þá velkomna. Í ræðu sinni sagði Ármann m.a. að ef uppvaðandi kynslóðir ættu að finna gleði í tónlist og tónlistarmenn og tónskáld ættu að hafa fastan punkt í tilveru sinni í framtíðinni, yrði bygging tónlistarhúss að koma til.

## 20 fundir hjá undirbúningsnefnd

Í framhaldi af tónleikum Sinfónihljómsveitar Íslands og söngsveitarinnar Filharmóníu, þann 4. júní sl. var haldinn fundur um undirbúningsnefndar samtaka um byggingu tónlistarhúss. Eftirtaldir aðilar voru valdir í undirbúningsnefnd: Ármann Ö. Ármannsson, Björgvin Vilmundarson, Einar Jóhannesson, Finnur Torfi Stefánsson, Gunnar Egilsson, Hákon Sigurgrímsson, Ingi R. Helgason, Jón Nordal, Jón Þórarinnsson, Karólína Eiríksdóttir, Rut Magnússon og Sigurður Helgason.

Hinn 5. júní síðastliðinn var fyrsti fundur nefndarinnar haldinn, en samtals voru haldnir 20 fundir áður en samtökin voru formlega stofnuð á sunnudaginn var. Vann nefndin aðallega að athugunum á staðar- og lóðarvali, leiðum til fjárfelunar, hvers konar starfsemi gæti farið fram í tónlistarhúsinu, auk þess sem nokkrir nefndar meðlimir fóru utan í sumarfríum sínum og kynntu sér rekstrarstarfsemi tónleikahúsa erlendis.

## Staðarval: Arnarhóll og Hljómskálagarður koma til greina

Undirbúningsnefnd kannaði



Gunnar Guðjónsson tilkynnir um áhuga sinn á að minningarsjóður föður hans renni til samtakanna.

margar lóðir, þar sem tónlistarhúsið gæti risið. Helstu staðir, sem nefndir voru, eru Arnarhóll, Skúlatorg/Borgartún, Laugarnes, Laugardalur, Sigtún, Miklatún, Óskjuhlíð, Hljómskálagarður og Nýr Miðbær. Allir þessir staðir koma vel til greina að mati undirbúningsnefndar, sem telur mjög brýnt að húsinu verði valinn staður hið bráðasta.

## Kostnaður skv. áætlun um 167 milljónir

„Lauslega áætlaður hönnunar- og undirbúningskostnaður vegna byggingar tónlistarhúss í Reykjavík nemur allt að 10 milljónum króna og þarf það fjármagn að safnast áður en byggingarframkvæmdir hefjast,“ sagði Ármann Ö. Ármannsson. „Heildarkostnaður á núverandi verðgildi er áætlaður um 167 milljónir, en ég legg áherslu á mikilvægi undirbúnings þess, er bygging tónlistarhúss kostar. Sá undirbúningsur tekur töluverðan tíma, þannig að til verulegra fjárárláta þarf ekki að koma fyrr en að u.þ.b. 2 árum liðnum.“

## 2 salir með tónlistarflutningi, danssýningum, ráðstefnum o.fl.

— Ekki miðað við ákveðna tegund tónlistar

Ármann Ö. Ármannsson sagði að bygging tónlistarhúss hlyti að



## „Tónlistin er heilög list“

„Ég er mjög ánægður, að nú skuli loksins vera farið að hugsa til þess að byggja hús, þar sem drottning listanna, tónlistin, hefur aðsetur.“

„Þetta mælti Sigurður Björnsson, framkvæmdastjóri Sinfónihljómsveitar Íslands. Sigurður sagði enn fremur: „Tónlistin er heilög list eins og segir í óperunni Ariadne auf Naxos og því ber að hlúa að henni. Starfsemi Sinfónihljómsveitar Íslands sem nú er í Háskólabíói, mun nú fara fram í þessu húsi og gjörbreytir það auðvitað allri aðstöðu til tónleikahalds. Auk þess verða skrifstofur hljómsveitarinnar þar, sem þýðir að öll starfsemi verður undir sama þaki.“



## „Rísi helst í gamla bænum“

„Mér finnst það fjarskalega spennandi að stofnun samtakanna skuli vera orðin að veruleika,“ sagði Gunnar Kvaran, sellóleikari. „Háskólabíói er langt frá því að fullnægja kröfum tónlistarinnar, bæði hvað varðar hljómburð og aðstöðu hljómfærleikara bak við sviðið. Ég á sæti í fulltrúaráði og er ánægður yfir því að fá að starfa að og stuðla á þann hátt að byggingu tónlistarhúss fyrir okkur Íslendinga. Persónulega fyndist mér skemmtilegast ef húsið fengi að rísa í gamla miðbænum, eða sem næst honum.“



## „Mikil viðbrigði að spila aftur í Háskólabíói“

„Það er svo ótrúlega gaman að spila í góðum sal,“ mæltu Bernard Wilkinson, flautuleikari, og Ágústa. Enda voru viðbrigðin mikil, að spila aftur í Háskólabíói eftir að hafa haldið tónleika í Musíkveran í Vínarborg, en þar er hljómburðurinn til dæmis alveg frábær.

Bygging tónlistarhúss á Íslandi er nauðsynleg og best væri ef húsið yrði hannað með það fyrir augum að fámennari tónlistarhópar gætu einnig haldið tónleika þar, þ.e. að einnig yrði 1 litill salur í hús-

inu, en það stendur víst líka til að þannig verði fyrirkomulagið. Annars er hæpið að tala um stærð hússins á þessu stigi málsins.

Við erum örugglega ekki ein þeirrar skoðunar að Háskólabíói sé alls ekki heppilegt til tónlistarflutnings. Aðstaðan bak við svið er ófullkomin, þar er til dæmis ekki aðstaða fyrir einleikara að hita sig upp fyrir tónleika. Einnig er hávaði frá flugvellinum mjög óþægilegur og hindrar möguleika á upp-töku. Sem sagt: Tónlistarhús á Íslandi!“